

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. mars 2015  
2015030012/42-1-1

**Efni: frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð (gjaldfrjáls landupplýsingagrunnur), 560. mál.**

Vísað er til tölvupósts;bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð (gjaldfrjáls landupplýsingagrunnur), 560. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að Landmælingum Íslands sé falið að koma upp landupplýsingagrunni í samráði við önnur stjórnvöld, honum viðhaldið og miðlað í þeirri nákvæmni sem þörf er á hverju sinni og tækni leyfir. Jafnframt telur stofnunin eðlilegt að landupplýsingagögn sem aflað er með opinberu fé séu gjaldfrjáls og ber að fagna því að hægt verður að nálgast nákvæm grunngögn í niðurhalsþjónustu. Frumvarpið tekur ekki sérstaklega á því hvaða aðilar afli tiltekinna landupplýsinga, viðhaldi þeim og/eða ákveði nákvæmni og gæði þeirra. Eins og frumvarpið er sett fram má gera ráð fyrir að öflun landupplýsinga, nákvæmni þeirra og gæði verði áfram í höndum ríkisstofnana eða einkaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Þar sem þetta frumvarp er miðað við opinber gögn er mikilvægt að viðkomandi ráðuneyti í samvinnu við stofnanir og hagsmunaaðila móti stefnu um gæði landupplýsinga í takt við þarfir þjóðfélagsins.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og styður að það nái fram að ganga.

Með kveðju

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og rádgjafadeildar

